

Ed.

### 362. Framhaldsnefndarálit

[127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

#### Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nýjar upplýsingar hafa komið fram í þessu máli milli 2. og 3. umræðu. Komið hefur í ljós að tekjuskattar einstaklinga munu í raun þyngjast miklu meira frá reglulegri álagningu á árinu 1978, miðað við tekjur á álagningarári, en gert var ráð fyrir, eða a. m. k. um 10—11 milljarða í stað 7—8 milljarða, sem fyrri upplýsingar bentu til. Enn fremur hefur komið í ljós, að tillögur fylgismanna ríkisstjórnarinnar, sem samþykktar voru við 2. umræðu, þyngja skatta á láglaunafólki. Þá er staðreynd, að sveitarfélög munu nota heimild til 10% hækkunar útsvara í ríkari mæli en ætlað var.

Hækkun söluskatts um 1%, vörugjalds um 6% á s.l. hausti og nýtt svonefnt „orkujöfnunargjald“, sem er í raun 1½% almenn hækkun söluskatts, og hækkun útsvara munu leggja a. m. k. 25.5 milljarða nýja skattbyrði á almenning á yfirstandandi ári. Skattstigar þeir, sem fylgismenn ríkisstjórnarinnar í fjárhags- og viðskiptanefnd hafa lagt fram við 3. umræðu, munu bæta við tekjuskattaálögur vinstri stjórnarinnar 2.5 milljörðum króna, ef sú staðreynd er höfð í huga að tekjur milli árana 1978 og 1979 hækka um 47—48% skv. nýjustu opinberum upplýsingum í stað 45% sem miðað er við í útreikningum ríkisstjórnarinnar.

Framangreindar skattahækkunar samsvara að meðaltali 650 þús. kr. aukinni skattbyrði á hverja 5 manna fjölskyldu. Við þetta má bæta, að núverandi ríkisstjórn er staðráðin í því að hækka skattaálögur á bensín langt umfram verðlagshækkunar, eins og vinstri stjórnin, stórhækka flugvallaskatt o. s. frv. Hér er því fremur vansagt en ofsagt um stórfelldar skattahækkunar ríkisstjórnarinnar.

Alvarlegustu afleiðingar þessara skattahækkana ríkisstjórnarinnar eru að ráðstöfunartekjur heimilanna skerðast verulega, svo sem að framan segir. Fólk kemst ekki hjá að greiða hækkun söluskatts, vörugjalds og svonefnt „orkujöfnunargjald“, þegar það kaupir inn nauðsynjar, og gildir þá einu hversu tekjulágir menn eru. Þessi gífurlega skattahækkun hlýtur því að ýta undir launakröfur, auk þess sem slíkir veltuskattar auka og magna sjálfkrafa verðbólguna að óbreyttum reglum um víxlhækkun kaupgjalds og verðlags.

Óhætt er að fullyrða að engir skaðast eins mikið á verðbólgu og einmitt láglaunafólk og lífeyrisþegar. Hér er því vegið að því fólki sérstaklega, sem hlífa skyldi, enda er það svo að öll stærstu launþegasamtök landsins hafa lagst gegn stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum. Þar má til nefna ASÍ og BSRB. Síðast í fyrradag samþykkti Verkamannasamband Íslands ályktun þar sem segir að sambandsstjórnin leggi áherslu á „að skattalækkunar frekar en krónutöluhækkunar kaups, sem eru étnar jafnóðum upp af verðlags- og skattahækkunum, eru raunhæfari kjarabætur til verkafólks. Það er því á ábyrgð ríkisstjórnar og atvinnurekenda, ef nú verður efnt til alvarlegra þjóðfélagsátaka.“

Allar fyrri tillögur okkar fulltrúa sjálfstæðismanna í fjárhags- og viðskiptanefnd um skattalækkunar voru felldar við 2. umræðu. Í þeim fólst fyrst og fremst að létta af hækkun vinstri stjórnarinnar á tekju- og eignarsköttum einstaklinga og félaga.

Við viljum nú freista þess að flytja nýjar brtt. við 3. umr. í ljósi nýrra upplýsinga um þessar skattahækkunar, staðreynda um notkun ýmissa sveitarfélaga á nýrri heimild til hækkunar útsvara um 10%, og síðast en ekki síst stórfelldra hækkana beinna og óbeinna skatta á launafólk, sem lýst hefur verið hér að framan.

Tillögurnar eru fólgnar í eftirfarndi:

- 1) að skattstigi verði þannig:  
20% af fyrstu 2 500 þús. kr.  
30% af næstu 3 000 þús. kr.  
40% af yfir 5 500 þús. kr.  
Barnabætur verði eins og lagt er til í brtt. 1. minni hl. við 3. umræðu. (Sjá dæmi á forskj. um áhrif þessa skattstiga á skattgreiðslu verkamanns með meðaltekjur.)
  - 2) að sparifé og spariskirteini verði alltaf undanþegin eignarskatti.
  - 3) Ónýttur persónuafsláttur nýtist til greiðslu sóknargjalda og kirkjugarðsgjalda, auk útsvars og sjúkratryggingagjalds.
  - 4) Ónýttur námsfrádráttur nýtist í allt að 5 ár eftir að námsmaður lýkur námi. Auk þess verði vextir og verðbætur námslána frádráttarbærar.
- Í þessum tillögum felst eftirfarandi meginstefna:
- 1) að tekjuskattar verði afnumdir í áföngum á almennar og miðlungs launatekjur
  - 2) að tekjuskattur verði verulega lækkaður á láglaunafólki og aukid svigrúm þess til þess að nýta persónuafslátt til greiðslu opinberra gjalda
  - 3) að heildarskattprósenta beinna skatta, tekjuskatts, útsvars, sjúkratryggingagjalda o. s. frv., fari ekki fram úr 50%, eins og verið hefur stefnumið Sjálfstæðisflokksins.

Þessar breytingartillögur hefðu í för með sér heildarlækkun skatta um 13—14 milljarða króna skv. nýjustu upplýsingum um tekjubreytingu milli ára. Ef þessar tillögur verða samþykktar eru sjálfstæðismenn reiðubúnir að standa að samþykkt frumvarps um skyldusparnað, sem yrði 10% af tekjum yfir 7 millj. króna, en það mundi hafa í för með sér 3—4 milljarða króna inngreiðslu í ríkissjóð í því formi.

Við blasir að þrír stjórnmalaflokkar á Alþingi og nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru staðráðnir í því að leggja til að hæsta skattþrep, þ. e. a. s. yfir 7 milljóna króna tekjur, verði 50% og heildarskattar, eftir að því þrepi verði náð, verði tæplega 65%. Því er nú lagt til að þetta fé gangi fremur í ríkissjóð sem skyldusparnaður, og er það forsenda tillagna um 40% hæsta skattþrep í tillögum okkar að svo verði gert, ef þær verða samþykktar.

Þörf er á niðurskurði útgjalda ríkissjóðs um 10 milljarða til þess að greiðslustaða hans yrði hliðstæð og fjárlög gera ráð fyrir eftir þessar skattalækkunir og álagningu skyldusparnaðar á hærri tekjur. Sjálfstæðismenn lögðu fram tillögur um niðurskurð útgjalda við afgreiðslu fjárlaga sem námu samtals 8—9 milljörðum króna. Við lýsum okkur enn reiðubún til þess að ræða og standa að tillögum sem nema niðurskurðarþörfinni, ef það mætti verða til þess að afstýra nokkru af því skattahækkunarflóði, sem nú dynur á almenningi.

Alþingi, 28. apríl 1980.

Lárus Jónsson,  
frsm.

Ey. Kon. Jónsson.

Sigurlaug Bjarnadóttir.

#### Fylgiskjal.

#### **Samanburðardæmi um skattgreiðslur af meðal- launatekjum verkamanns**

Samkvæmt upplýsingum kjararannsóknarnefndar má ætla, að meðallaunatekjur verkamanns s. l. ár hafi verið 5.1 millj. kr., en eiginkvenna verkamanna 1140 þús. kr. Samanburðurinn 1978 er gerður á þeim forsendum, að skattgjaldsvísitalan er hækkuð um 158% vegna 1979 og 147% vegna 1980 eða sem svarar meðalhækkun skattgjaldstekna á einstakling.

**Skv. álagningarreglum 1978.****Einstaklingur:**

Útsvar 11% .....	kr.	523 896
Sjúkratryggingagjald .....	—	102 000
Tekjuskattur .....	—	636 561

---

**Kr. 1 262 457****Hjón (kona tekjulaus):**

Útsvar 11% .....	kr.	509 055
Sjúkratryggingagjald .....	—	102 000
Tekjuskattur .....	—	242 983

---

**Kr. 854 038****Hjón (laun eiginkonu 1 140 000 kr.):**

Útsvar 11% .....	kr.	634 455
Sjúkratryggingagjald .....	—	124 800
Tekjuskattur .....	—	381 141

---

**Kr. 1 140 396****Skv. tillögum ríkisstjórnarinnar:****Einstaklingur:**

Útsvar 11.88% .....	kr.	570 880
Sjúkratryggingagjald .....	—	80 000
Tekjuskattur .....	—	800 425

---

**Kr. 1 451 305****Hjón (kona tekjulaus):**

Útsvar 11.88% .....	kr.	535 880
Sjúkratryggingagjald .....	—	80 000
Tekjuskattur .....	—	309 565

---

**Kr. 925 445****Hjón (laun eiginkonu 1 140 000 kr.):**

Útsvar 11.88% .....	kr.	671 312
Sjúkratryggingagjald .....	—	97 100
Tekjuskattur eiginmanns .....	—	814 565
Tekjuskattur eiginkonu .....	—	-245 935

---

**Kr. 1 337 042****Skv. tillögum Sjálfstæðisflokksins:****Einstaklingur:**

Útsvar 11% .....	kr.	526 000
Sjúkratryggingagjald .....	—	80 000
Tekjuskattur .....	—	613 270

---

**Kr. 1 219 270****Hjón (kona tekjulaus):**

Útsvar 11% .....	kr.	491 000
Sjúkratryggingagjald .....	—	80 000
Tekjuskattur .....	—	88 270

---

**Kr. 659 270**

**Hjón (laun eiginkonu 1 140 000 kr.):**

Útsvar 11% .....	kr.	616 400
Sjúkratryggingagjald .....	—	97 100
Tekjuskattur eiginmanns .....	—	613 270
Tekjuskattur eiginkonu .....	—	÷317 748
		<hr/>
		Kr. 1 009 022